

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um lokun iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskóla-sjúkrahúss.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa vegna yfirvofandi lokunar iðjuþjálfunardeildar geðsviðs Landspítala – háskólasjúkrahúss og hver er skýringin á lokuninni?
2. Hvaða áhrif mun lokunin hafa á sjúklinga sem njóta þjónustu iðjuþjálfunardeildarinnar?
3. Má búast við að álag aukist á aðrar deildir, svo sem með auknum innlögnum eða annarri þjónustu, og ef svo er, hvaða deildir og hvað má áætla að álag aukist mikið á hverja deild?
4. Hvaða áhrif mun lokunin hafa á starfsfólk sjúkrahússins og eru aðrar deildir mannaðar til að taka við auknu álagi?
5. Hve mikið mun það kosta að halda áfram starfi iðjuþjálfunardeildarinnar með því að koma til móts við þann kostnað sem fylgir ráðningu fagfólks í störfín á deildinni á samþærilegum kjörum og iðjuþjálfar fá annars staðar?

Skriflegt svar óskast.